

# **Fornleifaskráning í Eyjafirði VII:**

## **Deiliskráning í Krossaneshaga**

Adolf Friðriksson  
Orri Vésteinsson

**Minjasafnið á Akureyri**  
**Fornleifastofnun Íslands**

FS017 - 95024

**Akureyri 1996**

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og  
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á  
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

## *Efnisyfirlit*

1. Inngangur.....	3
2. Um verndun og skráningu fornleifa.....	3
3. Friðun minja á Akureyri.....	4
4. Fornleifar í Syðra- og Ytra Krossanesi.....	6
5. Skrá um fornleifar í landi Syðra- og Ytra Krossaness.....	7
6. Fornleifar og skipulag í Krossaneshaga.....	21
7. Niðurlag.....	26
Heimildir.....	27
Skýringarmynd 1: Minjar í landi Syðra- og Ytra Krossaness.....	29
Skýringarmynd 2: Minjar í Krossaneshaga.....	30

## *Inngangur*

Árið 1995 gerði Fornleifastofnun, í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri, tillögur um stefnu og framkvæmd fornleifaskráningar í landi Akureyrar<sup>1</sup>. Samkvæmt þeirri áætlun var ráðgert að vinna aðalskráningu fornleifa í nokkrum áföngum samhliða deiliskráningu. Mun þessu verki ljúka árið 1999. Nú þegar hefur verið hafist handa og er fyrsta áfanga aðalskráningar lokið, sem og deiliskráningu í svokölluðu Naustahverfi<sup>2</sup>. Í þessari skýrslu er greint frá árangri deiliskráningar í Krossaneshaga.

Í skýrslum Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu er jafnan greint frá löggjöf um fornleifar jafnt sem aðferðum við skráningu minja. Svo er einnig í upphafi þessarar skýrslu og munu lesendur því ekki þurfa að leita lengra til að öðlast yfirlit yfir helstu þætti þessa málaflokks.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að fjalla um áhrif fyrirliggjandi heildarskipulags á minjar innan skipulagsreitsins. Fjallað er sérstaklega um hvern minjastað sem er í uppnámi samkvæmt skipulagstillögum og bent á leiðir til úrbóta. Skýrslunni fylgir jafnframt heildarskráning minja í Syðra- og Ytra Krossanesi lesendum til glöggvunar á þeirri menningarsögulegu heild sem minjar innan deiliskipulagsreitsins eru hluti af.

---

<sup>1</sup>Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd*, FS010, Akureyri 1995.

<sup>2</sup>Birna Gunnarsdóttir, *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV: Deiliskráning Naustahverfis*, FS004, Akureyri 1995.

### *Um verndun og skráningu fornleifa*

Er ný þjóðminjalög tóku gildi 1.janúar 1990 varð fornleifaskráning ein af forsendum skipulagsvinnu. Nú er skylt að fornleifar séu skráðar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur laganna er að tryggja varðveislu menningarsögulegra minja, þar á meðal fornleifa, sem eru skilgreindar sem hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja 100 ára og eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Allar fornleifar eru friðhelgar, óháð sérstakri friðlýsingu, og er óheimilt að raska við þeim án leyfis fornleifanefndar. Þetta gildir hvort sem minjar eru sjáanlegar á yfirborði eða ekki. Stöðva þarf framkvæmdir ef fornleifar koma í ljós við jarðrask og tilkynna það þjóðminjavörslunni. Ef talið er að rannsaka þurfi fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda á borð við vegagerð, virkjanagerð og veitulagnir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af rannsóknunum. Nýleg dæmi eru um verulegar tafir á framkvæmdum sem og þungan kostnaðarauka, þegar fornleifar hafa komið í ljós við jarðrask. Með nákvæmri fornleifaskráningu er hægt að minnka líkurnar á slíku og augljóst að hér fara hagsmunir þeirra sem standa að framkvæmdum saman við stefnumál minjavörslunnar.

Frá árinu 1995 hefur verið unnið við fornleifaskráningu í landi Akureyrar. Skráning fornleifa skiptist í þrjú stig. Svæðisskráning er frumstig fornleifaskráningar og felst í því að afla upplýsinga og vísbendinga um minjastaði úr tiltækum heimildum.<sup>3</sup> Er svæðisskráningu fornleifa á Akureyri nýlega lokið. Á stigi aðalskráningar er farið á vettvang og vísbendingum sem söfnuðust við svæðisskráninguna fylgt eftir. Þá er rætt við heimildamenn og minjastaðir skoðaðir, gerðir af þeim uppdrættir og þeir merktir inn á kort. Er nú unnið að fyrsta áfanga aðalskráningar á Akureyri. Lokastig fornleifaskráningar er deiliskráning en í henni felst að gerðir eru nákvæmir uppdrættir af sjáanlegum minjum og reynt að leggja mat á varðveislugildi þeirra. Jafnframt eru lagðar fram tillögur um úrlausnir við skipulagsgerð, hvort heldur friðun, eða förgun minja að undangenginni rannsókn.

---

<sup>3</sup> Þeim sem vilja kynna sér nánar aðferðir við skráninguna er bent á skýrsluna *Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár* eftir Orra Vésteinsson og Adolf Friðriksson (Minjasafnið á Akureyri 1994). Einnig er gerð grein fyrir aðferðum við fornleifaskráningu í þéttbýli, sjá: *Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd.*

## *Friðun minja á Akureyri*

Friðun og verndun minja á Íslandi er skammt á veg komin. Meginorsökin er einfaldlega skortur á upplýsingum um staðsetningu minja. Er fornleifaskráningu m.a. ætlað það hlutverk að bæta þar úr. En hér má einnig benda á aðrar orsakir. Frá því er fyrstu þjóðminjalög voru sett 1907 hefur verið gert ráð fyrir mikilli miðstýringu í minjavörslu, þar sem ábyrgð og eftirlit hefur verið á höndum Þjóðminjasafns í Reykjavík. Hefur þessi stefna ekki reynst árangursrík, enda eru flestir minjastaðir mjög fjarri höfðustaðnum og eftirlit með þeim illviðráðanlegt vegna vegalengda. Með nýjum lögum 1989 hefur fyrirkomulag á minjaeftirliti tekið breytingum. Nú er gert ráð fyrir minjavörðum úti á landi sem m.a. annast eftirlit á tilteknum minjasvæðum. Þannig verður ábyrgð og eftirlit færð nær sjálfum minjastöðunum og er það til bóta. Þegar þessi orð eru rituð standa yfir samningaumuræður milli bæjaryfirvalda á Akureyri og þjóðminjavörslu um stofnun minjavarðarembættis á Akureyri. Á næstu árum er þá þess að vænta að Norðlendingar móti sér sérstaka minjarverndarstefnu auk þjóðminjaverndar. Mun sú stefnumörkun verða grundvöllur á árangri fornleifaskráningarstarfsins sem nú er unnið. Þar sem skráningin er unnin í samráði við skipulagsyfirvöld Akureyrar er einstaklega heppilegt að hefjast nú þegar handa við mótun friðunarstefnu sem tekur mið af áhuga og óskum Akureyringa um varðveislu minja í bæjarlandinu.

Athyglisvert er að hyggja að stöðu húsafriðunarmála á Akureyri í þessu samhengi. Staða rannsókna á gömlum húsum er afar góð og útgefin rit um húsakönnun í bæjarlandinu til fyrirmyndar. Einnig má nefna Byggingarlánasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu gamalla húsa. Akureyrarbær er eina sveitarfélagið fyrir utan Reykjavík sem veitir reglulega styrki til húsafriðunar<sup>4</sup> og árangur þessa sýnir sig berlega í bæjarlandinu. Ekki er til slíkur sjóður til að mæta kostnaði vegna verndunar minja. Einu friðlýstu minjarnar í landi Akureyrar eru Dómhringir í landi Lögmannshlíðar (friðlýst 1980). Svæðið var reyndar sléttað 1935 og því verulega raskað. Er það hefðbundin skoðun á Íslandi að í þéttbýli séu fáir markverðir minjastaðir. Í “Greinargerð” (bls. 33) með núgildandi aðalskipulagi Akureyrar er kaflinn um fornleifar stysti kafla bókarinnar. Þar eru Dómhringir nefndir og svo segir um aðrar minjar: “Nokkuð er um aðrar mannvistarminjar, svo sem tóftabrot, gamlar götur o.þ.h. í bæjarlandinu, en engar mjög gamlar eða merkar, svo

<sup>4</sup> AA, bls.35.

vitað sé.” Lýsir þessi umsögn stöðu þekkingar um fornleifar í kaupstaðarlandinu. Er yfirstandandi skráningarstarfi ætlað að bæta úr því. Ekki er gagn að skrá minjar einvörðungu heldur er óhjákvæmilegt að móta jafnóðum stefnu í minjavörslu á skráningarsvæðinu og nýta þannig árangur skráningar til virkrar minjaverndar í héraði. Til þess er mælt að bæjaryfirvöld hafi sjálfstæða stefnu í verndun fornleifa í kaupstaðnum, rétt eins og þau hafa haft margvíslegt frumkvæði í verndun gamalla húsa. Umfjöllun um minjar og skipulag í Krossaneshaga síðar í þessari skýrslu er viðleitni til að leggja drög að slíkri verndunarstefnu.

## *Fornleifar í Syðra- og Ytra Krossanesi*

Deiliskipulagsreiturinn “Krossaneshagi” er norðan Hlíðarbrautar, norðaustan Hörgárbrautar, suðaustan við væntanlega Síðubraut og vestan væntanlegrar Krossanesbrautar.

Þar sem unnið er að deiliskipulagi í Krossaneslandi hefur aðalskráningu minja þar verið flýtt og er nú lokið. Hafa minjastaðir þar verið færðir inn á kort og hinum lýst sem heimildir eru um en ekki er hægt að staðsetja með vissu. Skráningargögnin munu koma að notum við skipulagsvinnu og framkvæmdaáætlanir, enda er nú mögulegt að forðast þekktu minjastaði og hafa eftirlit með framkvæmdum ef þær reynast nauðsynlegar þar sem líkur eru á fornleifum í jörðu. Skipulagsreiturinn er að stærstum hluta í landi Syðra-Krossaness, en nær einnig til syðri hluta Ytra-Krossaness. Samtals voru skráðir 38 minjastaðir á báðum jörðunum.

Skráning á minjum byggir á prentuðum og óprentuðum heimildum sem og vettvangsvinnu. Vettvangsvinna er fólgin í viðtölum við ábúendur og minjaleit á vettvangi. Að þessu sinni var skráningin unnin án munnlegra heimilda, enda lauk hefðbundum búskap á Krossanesbæjum fyrir miðja öldina. Á Syðra Krossanesi lauk búslýsla árið 1947, ári eftir að Akureyrarbær keypti landið og voru öll hús er þá stóðu jöfnuð við jörðu. Árið 1973 var búskap hætt á Ytra-Krossanesi, en hús standa þar enn og eru nýtt sem og túnin til slægna. Síðustu ábúendur á báðum jörðunum eru fallnir frá, og því var ekki unnt að styðjast við framburð staðkunnugra heimildamanna um minjar á svæðinu.

Þó að munnlegar heimildir vanti, er engu að síður margvíslegum gögnum um minjar og staðhætti til að dreifa. Jafnframt voru notaðar loftmyndir sem voru teknar 1953-1954. Upplýsingar um minjastaði eru fengnar úr rituðum heimildum, einkum örnefnaskrá Steindórs Steindórssonar, söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar, jarðabókum og túnakortum.

Af þeim 38 minjastöðum sem voru skráðir á jörðunum báðum eru aðeins 15 sjáanlegir á yfirborði. Aðrir minjastaðir sem unnt reyndist að staðsetja með vissu eru 16. Á 2 stöðum hafa hús verið byggð eða vegir lagðir þar sem mannvirki stóðu áður. Í 3 tilvikum var ekki hægt að ákvarða staðsetningu minja sem ritaðar heimildir gáfu vísbendingar um.

### *Skrá um fornleifar í landi Syðra og Ytra Krossaness*

Hér er birt skrá yfir minjar í landi Syðra og Ytra Krossaness. Skráin byggir á skráningarkerfi Fornleifastofnunar, en þar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-241:001). Skráin er um fornleifar sem fundist hafa heimildir um eða sjást enn á yfirborði. Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar og hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi gagna með um 50 metra frávik. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifar kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru.

#### *Ey-241 Syðra-Krossanes*

Syðra-Krossanes var bændaeygn árið 1712 og talin 20 hdr. jörð. Samkvæmt Jarðabók frá 1712 voru munnmæli að Ásláksstaðir hefðu átt skipstöðu í Syðra-Krossaneslandi gegn litlum afgirtum engjaparti við Lónið í Ásláksstaðalandi (JÁM X, 192, 195). Síldarverksmiðja var reist af norska hlutafélaginu Ægi á Krossanesi 1913. Hún brann 1927 en var endurbyggð 1928. Akureyrarbær keypti verksmiðjuna og jörðina 1946 og lagðist búskaður þá af ári síðar.

**Ey-241:001**                      bæjarhóll - bústaður                      65°42.194                      18°07.196

Bærinn stóð upp á háhallanum sem er gegnt Krossanesi. Búskap var hætt 1946 og húsinn jöfnuð við jörðu 1947 er Akureyrarbær eignaðist jörðina. Nú er kafgras á hólnum sem húsinn stóðu á. Bæjarstæðið er ójafnara en túnið umhverfis en ekki sér til tófta húsanna.

Þar eð steinhús voru ekki reist hér í lok búsetunnar er fullvíst að í bæjarhólnum er að finna merkar minjar sem hlaðist hafa upp í aldanna rás.

Heimild: Túnakort 1917; Ö-Ak; HH; SS1993; BE1990.

Hættumat: engin hætta

**Ey-241:002** heimild um útihús 65°42.160 18°07.130

Frá bæjarhólnum er gengið suður eftir túninu um 100 m og upp á nýlegan vegaslóða. Húsin stóðu þar sem nú er vegurinn, um 50 m vestan við veginn sem liggur austan Krossanesbæja. Hér hefur verið lagður vegur frá Krossanesvegi og upp á Krossanesklappir að austan þar sem grjótnáman er. Munu tóftirnar þá liggja undir veginum.

Hættumat: hætta vegna grjótnáms

Heimildir: Túnakort 1917, Loftljósm. 1953-54


**Ey-241:003** heimild um útihús 65°42.215 18°07.115

Húsið stóð í NA-horni túnsins, um 225 metra austan við bæinn. Þar er nú birgðastöð Skeljungs og stendur stöðvarhús á húsastæðinu.

Heimildir: Túnakort 1917

**Ey-241:004** útihús 65°42.160 18°07.332

Tóftin stendur suðvestast í túni, fast við túngarðinn þar sem hann tekur að sveigja í suðaustur. Túnið er norðan við tóftina, en um 10 m sunnan við liggur uppgröftur frá grjótnámi. Hleðslur tóftarinnar standa grónar. Hún er aflöng, 16 m á lengd en 6 metrar á breidd. Um 5 metrum sunnan við tóftina vottar fyrir óljósu tóftarbroti.




Hættumat: hætta vegna grjótnáms.

Heimildir: Túnakort 1917

**Ey-241:005** tóft

65°42.210 18°07.258

Tóftin stendur efst og nyrst á hallanum sem bærinn stóð á. Hún er yst á hólbrúninni, í kafgrasi, en rof í norðurbrúninni. Tóftin er ferhyrnd að lögun, 20 m á lengd, en 11 m á breidd. Hleðslur tóftarinnar standa grónar. Fyrri hlutverk eða aldur þessara minja er ekki þekktur. Tóftirnar eru merktar inn á túnakort 1917. Ekki er gott að átta sig hvað þetta hefur verið, né af hverju tóftin var ekki sléttuð þegar bæjarhús voru rifin 1947.



Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1917

**Ey-241:006** "Gerði"

65°42.258 18°07.479

"Norðvestur af bænum er Gerði, eiginlega fráskilið túninu af Syðra-Gili", segir í örnefnalýsingu. Gerði er túnskiki um 150 m norður af bænum, örskammt sunnan við landamerki við Ytra-Krossanes. Allur suður og austurhluti Gerðis hefur verið eyðilagður þegar settur var sorphaugur hér. Aðeins norðurhlið túngarðs er eftir, en hús og tún eru horfin. Garðlagið sem hér sést er 28 m langt og 4 m á breidd. Hleðsluhæðin er 0,5 metrar. Staðnum stendur hætta af nálægð við athafnasvæði, sem einungis um 15m austan við þær minjar sem nú eru sýnilegar. Þá hefur trjám verið plantað utan athafnasvæðis og skammt frá garðlagi og Gerðisleifum.

Hættumat: hætta vegna sorphaugs.

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Ak, 22

**Ey-241:007** "Stofa", heimild um bústað

65°42.160 18°07.130

"Sunnan við bæinn er Stofustykki kennt við lítið hús er stóð sunnan við bæinn og Stofa hét" segir í örnefnaskrá. Óljóst er hvar Stofa hefur verið nákvæmlega og engar nánari heimildir til um það. Hún gæti hafa verið þar sem úthús nr. Ey-241:002 var. Ekki sér til tófta á

Þessum slóðum nú og á loftmynd frá 1953-54 eru heldur engin ummerki sjáanleg sem átt gætu við Stofu.

Heimildir: Ö-Ak, 22

**Ey-241:008**

stekkur

65°42.072

18°07.350



Í Ö-Ak segir: "Sunnan við Stofuklöpp er Stekkjarsund og vottar fyrir stekkjarbroti yst og efst í því". Stofuklöpp var rétt sunnan túns og sunnan hennar, um 200 m frá bæ er stekkurinn. Stekkurinn er greinilegur, stendur undir klapparhól að austanverðu. Stofuklöppin er hinsvegar horfin í grjótnám. Tóftin liggur í A-V og skipist í tvö hólf. Hún er aflöng, 10,5 m á lengd og 6 m á breidd. Vestara hólfíð er minna

(3,5x2,0) og einungis gengt úr því í hið stærra (6,0x4,0). Skarð er í norðurvegg á tveimur stöðum og á austurgafli.

Hættumat: hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Heimildir: Ö-Ak, 23

**Ey-241:009** "Stofuklöpp" - heimild um huldufólksbústað 65°42.121 18°07.146

Í söguminjalýsingu Helga Hallgrímssonar segir að Stofuklöpp heiti "klettakollur rétt fyrir sunnan bæinn í Syðra-Krossanesi". Um 1950 var þarna grjótnám og var þá samið við huldufólkið um að það flytti annað (BE1990). Þarna er nú grjótnáma. Klettakollurinn er væntanlega algjörlega horfinn.

Heimildir: HH; BE1990 s. 690;

**Ey-241:010**

kuml

65°42.248

18°07.214

Þessi staður er uppi á hjallanum ofan við Krossanes. Um 20 m sunnan gilsbrúnar, 20 m vestan vegar og 40 m frá bæjarstæði eru ummerki um gröft. Sést óljóst votta fyrir tveimur grunnum gryfjum. Árið 1963 var verið að hreinsa mold með ýtu ofan af malarnámu og þá komið niður á mannabein. Við rannsókn Gísla Gestssonar samár kom í ljós leifar kumls. Hafði jarðýtan þegar eyðilagt rannsóknarstaðinn að mestu. Þó fannst þarna heilleg

beinagrind úr manni og vottur af spanskgrænu sem Gísli taldi geta verið leifar lítillar bólu eða naglahauss. Taldi hann kumlið vera frá Syðra-Krossanesi. Að lokinni rannsókn Jóns Steffensens á beinunum kom í ljós að svo virtist sem bein úr tveimur öðrum mönnum hefðu slæðst með sem gefur vísbendingu um að þarna leynist fleiri kuml. Haustið 1965 fundust síðan enn fleiri mannabein á þessum stað. Taldi Gísli Gestsson því æskilegt að gera þarna frekari rannsókn, en af því hefur ekki orðið. Er nauðsynlegt að gera þá rannsókn áður en gert verður meira jarðrask á staðnum.

Hættumat: hætta vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Heimildir: Gísli Gestsson, Árb.'65 (s.74-77). Morgunblaðið 14. sept. 1965

**Ey-241:011**                    "Svarðargrafir" - mógrafir                    65°42.160                    18°07.753

Örnenfalýsing gefur vísbendingar um mógrafir vestan við túnið: "Út og upp frá túninu er Gróf og þar rennur Syðragilslækur sem kemur úr Svarðargröfum upp norðan við Grófina. Suður og upp af þeim er Grafarsund en ofan við það er Flói mjög blautur." Á loftmyndum frá 1953-54 sjást mógrafirnar greinilega. Nú er þarna þýfður mói, sem er notaður til hestabeitar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ak, 23

**Ey-241:012**                    "Dixford Camp" - herstöð                    65°42.093                    18°07.555

Krossanesklappir liggja í boga skammt vestan Krossanes. Gengur kryppan til norðurs. Innan í sveignum sunnan undir klöppunum eru mannvirkin. Sunnan við þær er síðan mýrardrag og sunnan þess er Miðás og Dýklöpp. Á ásnum norðanmegin má einnig sjá votta fyrir hernaðarmannvirkjum einnig. Trönur standa upp á Krossanesklöppum og ganga þar yfir norðurhluta braggahverfisins. Grjótnám hefur lengi verið stundað í klöppunum austanverðum og hafa nokkrir braggagrunnar horfið vegna þessa. Mýri liggur sunnan braggagrunna. Erfitt er að átta sig á fjölda bragga nú, enda er hér afar mikill gróður. Upp á klöppunum suðvestan við braggatóftir sér móta fyrir öðrum mannvirkjum, 2 byssuhreiðrum eða varðstöðubirgjum og vegarspotta. Braggar nokkrir voru eyðilagðir í vor þegar grjótnám hófst þar sem austustu braggarnir stóðu. Ekki er víst að margir braggagrunnar hafi verið eyðilagðir. Malarlag ÚA fyrir hjallana liggur ofan á um 18 bröggum sem mynduðu norðurhluta hverfisins. Allir braggar syðst í hverfinu eru heilir, alls

um 10. Líkur eru á að einhverjir hinna 18 séu heilir enda var eingöngu keyrð mól yfir þá.

Hættumat: hætta vegna nálægðar við athafnasvæði.

Heimildir: Loftljósm. Landm. Ísl. 1954 sbr. Jón Hjaltason 1991 Hernámsárin á Akureyri og Eyjafriði, 186. Heimildamaður: Gunnar Gústafsson, verkstjóri hjá ÚA.

#### *Ey-242 Ytra-Krossanes*

Jörðin var í eigu Hólastóls árið 1712 og þá talin 30 hdr. Bænhús var í Ytra-Krossanesi. Ytra-Krossanes átti land upp með Lóninu að norðan þar sem nú tilheyrir Dvergasteini og náði það vestur á ásinn vestan Norðurlandsvegur þar sem ungmennafélag sveitarinnar á trjáreit. Mjó spilda upp í fjallinu sunnan Samtúns fylgdi þessu landi. Vesturmörk Krossaneslands, sunnan Lóns lágu nálægt þar sem nú er verksmiðjuhús Efnaverksmiðjunnar Sjafnar. Óskargerði var eyðihjáleiga 1712, mögulega þar sem Lónsgerði var síðar. Einnig var ónefnd girðing norðan við bæinn sem talin var hafa getað verið mannabústaður. Það gæti verið á svipuðum slóðum og Þórsnes þar sem búskapur var 1925-61. Stofnað var til nýbýllis að Dvergasteini 1929 á landi því sem Ytra-Krossanes átti norðan Lónsins. Þá var nýbýlinu Brávöllum skipt út úr jörðunni árið 1938. Glæsibæjarhreppur á einnig spildu úr Ytra-Krossaneslandi vestan við Norðurlandsveg andspænis bænum í Dvergasteini.

**Ey-242:001**                      bæjarhóll                                      65°42.350                      18°07.275

Hér stendur steinhús án kjallara, reist 1954. Hóllinn er fremur ávalur og getur verið að tekið hafi verið dálítið ofan af honum á sínum tíma, en ugglaut leynast enn minjar í hólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; H.H.

**Ey-242:002**                      heimild um útihús                                      65°42.327                      18°07.453

Húsin stóðu um 75 m vestan við íbúðarhús. Í túni. Engin merki til tófta eru sjáanleg, enda hefur gamla túnið verið sléttað og húsin látin víkja um leið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

**Ey-242:003** útihús útihús 65°42.415 18°07.458

Um 100 m í VNV frá bænum standa enn útihús. Stóðu þau þar árið 1917 og eru líklega sömu húsin. Hér er torfhús með viðbyggðum bárujárnskofa að norðanverðu. Torfhúsið er 17 m langt og 6 m á breidd. Það er með veggjum úr torfi og grjóti og er nú notað sem hesthús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

**Ey-242:004** heimild um útihús 65°42.410 18°07.346

Húsið stóð upp á grösugum hól í miðju túni, um 125 m norðan við bæjarhól. Húsið hefur staðið sunnarlega í hólnum. Engin skýr ummerki sjást nú um húsbyggingar, enda hefur hólkollurinn verið sléttaður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

**Ey-242:005** heimild um útihús 65°42.442 18°07.351

Húsið stóð (eins og 004) upp á grösugum hól sem er um 125 m norðan bæjarhúsa. Ekki sést til húsatófta, enda hefur verið sléttað yfir minjarnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

**Ey-242:006** "Álfaklettur" 65°42.929 18°08.279

Kletturinn er beint suður af Svarðargröfum. Þetta er fremur hár klettahóll og er mólendi í kringum hann á alla vegu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Loftm. í SS, bls. 217.

**Ey-242:007** heimild um bústað

Í jarðabók Árna Magnússonar segir frá fornum girðingum og tóftum sem mönnum voru kunnar árið 1712, norðan við Krossanes: "Girðing er hjer önnur í landinu norður frá Krossanesi, sem ekkert nafn hefur, so menn viti. Þar ætla menn bygð hafi verið í fyrndinni, so sem líklegt sýnist af tóftarústum og girðingaleifum. Ekki má þar bygð setja, því þessi

girðing er mestöll komin í grasleysumóa." Leitað var víða norðan túna, án árangurs. Engin ummerki sjást á loftmyndum. Hinsvegar má sjá á loftmynd garðlög og tóftir (026) um 400 m vestan við bæinn. Mögulegt er einnig að girðing þessi hafi verið þar sem seinna var byggt býlið Þórsnes eða enn norðar, þar sem nú er býlið Brávellir.

Heimild: JÁM X, 194.

**Ey-242:008** heimild um bænhús

Í Fornbréfasafni eru varðveittar heimildir frá 1397 um að kirkja hafi staðið að Ytra-Krossanesi: "sagde sira halldor [Loptsson, seljandi] til halfkirkiuskyllidar a iordunni oc skilde sira halldor a boduar [djákna Ögmundarson, kaupanda] ath abyrgiazst fyrnd a kirkiunni oc hennar ornamentis oc at svara porcione". Við gerð Jarðabókar í Eyjafirði 1712 er kirkjunnar enn getið: "Hálfkirkja eður bænhús hefur hjer að fornu verið, en ekki tíðir veittar í manna minnum, stendur þó húsið enn." Við vettvangskönnun fundust engar minjar er gætu talist eiga við þessa frásögn.

Heimildir: DI III 620, JÁM X, 193

**Ey-242:009** örnefni - Grettistak 65°42.802 18°07.480

Grettistota er breiður kletturani sem gengur í sjó fram við Lönguvík. Á henni að sunnanverðu eru tveir stórir steinar, mun átt við annanhvorn þeirra. Þeir standa í flæðarmáli.

Heimildir: Ö-Ak.

Hættumat: engin hætta

**Ey-242:010** "Djáknatjörn" 65°42.769 18°08.659

"Spottakorn sunnan og ofan við [Svarðargrafirnar] er hyldjúp tjörn, Djáknatjörn." Tjörnin stendur í miðju mýrarsundi á milli klapparholta. "Þar er sagt að farist hafi prestur á leið milli Glæsibæjar og Lögmanshlíðar. Þjóðsaga mun hafa verið til um það að undirgögn væru milli Djáknatjarnar og sjávarins."

Heimildir: Ö-Ak, 24; HH eftir örnefnaskrá Jóhannesar Óla

Hættumat: engin hætta

**Ey-242:011** "Nunnuhólmi"

Örnefnalýsing segir um Nunnuhólma "fram af býlinu Brávöllum ... Um hann er til gömul þjóðsaga er skýrir tilorðningu nafnsins". Þessi hólmi er um 100 metra frá landi.

Heimildir: HH

**Ey-242:012** mógrafir 65°42.944 18°08.413

Yst og neðst í Krossanesborgum eru "Svarðargrafir". Mógrafirnar eru í mólendi sem hefur þornað upp þegar skurður var grafinn í gegnum svæðið.

Hættumat: engin hætta


Heimild: Ö-Ak; H.H.

**Ey-242:013** tóft - stekkur 65°42.365 18°07.953

"Sunnarlega í Krossanesborgum er Stekkjarklöpp, framan undir henni er stekkjarbrot" segir í Örnefnalýsingu. Tóftin stendur beint undir þverhníptum austurvegg klapparinnar. Í kring er grösugt og þýft. Rof er í efsta torfi veggjanna. Tóftin snýr í N-S, hún er aflöng, 5 m löng og 4 m breið. Veggirnir eru allt að 1,20 m háir.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Ö-Ak; HH

**Ey-242:014** "Krossanessel"

Ö-Ak nefnir Krossanessel. Staðsetning þess er ekki þekkt en það mun hafa verið vestan Lónsins í landi því sem nú tilheyrir Dvergasteini.

Heimildir: Ö-Ak

**Ey-242:015** gata - leið 65°42.423 18°07.835

Slóði lá sunnan í Stofuklöpp (nú horfin), um Klauf (nú horfin) með túnum Krossanesbæja að vestan. Á móts við landamerki bæjanna í Syðra Gili greinist leiðin, önnur heldur nánast beinni stefnu í norður, en hin gengur í boga í vestur og stefnir síðan einnig í norður. Er bilið á milli um 100 m í fyrstu en gliðnar smám saman og verður um 250 m. Um 100 m NV við

áðurnefnd gatnamót greinist leiðin enn og sem fyrr er nýr slóði er gengur í boga í vestur og tekur síðan norðurstefnu. Er bilið um 100 metrar á um 350 m kafla en þá ná þessir tveir slóðar saman að nýju. Á loftmynd frá 1953-54 sáust þessar götur en nú hefur grjótnám fjarlæggt Stofuklöpp og Klauf. Slóðinn sést enn vestan túna að mestu. Hinir tveir vestari slóðarnir sjást enn að hluta, en eru víða rofnir af skurðum, jarðvegraski og rofi. Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Götuslóðar, sem fyrrum voru alfaraleiðir, lágu skammt vestan við tún Krossanesbæja. Þar þótti villugjarnt í náttmyrkri og þoku."

Heimildir: BE1990 , 689

**Ey-242:016** "Kolalág" 65°42.416 18°07.302

Svo segir örnefnalýsing: "Kolalág er mjótt gil norðan við Laut, en norðan við Lágina er Háimelur, sem ber nafn með rentu, ..." Hér sjást engin merki til kolagrafa. Láginn er grösug að sunnanverðu en blásin nær sjónum. Vestast í láginni liggur vegaslóði.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Ak, 23

**Ey-242:017** heimild um sundstað

Samkvæmt örnefnalýsingu var "Sundbolli" yst í túninu. Leitað var að sundbolla upp og niður yst í túninu, án árangurs.

Heimildir: Ö-Ak.

**Ey-242:018** tóft 65°42.563 18°07.511



Tóftin stendur í norður frá bænum, um 300 m, beint upp af Þórsnesi, um 200 m frá nesodda. Hægt er að fylgja vegarslóða sem liggur frá bænum í Ytra-Krossanesi og norðureftir. Tóftin stendur skammt austan við Hestaklöpp. Stendur í grasivöxnum skika, í útjaðri

mólendis sem liggur norðan og vestan við túnin. Fast vestan við tóftina er vegaslóði. Tóftin

er aflöng, 14 m á lengd, og 8 m á breidd. Veggir eru allt að 1,8 m á hæð. Þessi gryfja gæti verið nýleg, en hún er gróin og hefur ekki verið notuð í langan tíma.

Hættumat:engin hætta

**Ey-242:019** heimild um stíflu 65°42.134 18°09.021

Samkvæmt örnefnalýsingu heitir Stíflusund sunnan við Startjörn, suðvestan sundsins er Lónsbrú, þar sem stíflan var áður. "Lónið var fyrrum stíflað um það bil sem nú er Lónsbrúin, og veitt niður í gegnum Krossanesborgir, allt niður á tún í Ytra-Krossanesi. Sést móta fyrir vatnsvegi þessum mestalla leiðina." Hér mun hafa verið stífla fast suðvestan við þjóðveginn, n.t.t. í kverkinni við heimreiðina að Berghóli og Lónsá. Hér standa enn 2 gamlar brýr til viðbótar þeirri sem liggur nú undir þjóveginn. Engin merki stíflu eru lengur sjáanleg.

Heimild: H.H.; Ö-Ak, 24

**Ey-242:020** "Krossaneslending" 65°42.374 18°07.037

Krossaneslending var niður frá bænum, við Laut. Í örnefnalýsingu er þess getið að Krossanesklappir skýli þar fyrir sunnanátt. Lendingin er á lágum klappartanga með sjávarmöl. Nesið er flatt og hæsti hryggurinn á því er grösugur. Engin merki sjást til gamals uppsáturs þar, en staðurinn hefur lengi verið notaður. Segir í Jarðabók frá 1712 að heimræði hafi verið á Ytra-Krossanesi og landing þar góð.

Heimildir:Ö-Ak, 23, JÁM X, 195

**Ey-242:021** Hundatjörn 65°42.261 18°08.257


Í örnefnalýsingu segir: "Talsverðan kipp sunnar og austar [en Startjörn] er Hundatjörn með stararkögri við bakkann en annars djúp." Tjörnin stendur í mýrarfláka á milli Háuklappar að vestan og ónefndrar klappar að austan. Mun heiti tjarnarinnar eiga sér þjóðsögulega skýringu.

Heimildir: Ö-Ak, 24; BE (1990), 689.

Ey-242:022 tóft

65°42.682 18°08.333


Tóftin er á norðanverðu Flúðanefi sem liggur á milli Lönguvíkur og Ytri Þórsnesvíkur. Hún stendur á grösugum nesodda. Tóftin er aflöng og snýr A-V. Hún er 11 m löng og 7 m breið. Veggir eru allt að 1,3 m háir. Getur verið að þessar minjar séu frá þessari öld. Á Þórsnesi var búið 1925-61. Svo kann þó að vera að þær séu eldri að uppruna. Í norðausturhorni er steinsteypt þvottaker. Það er um 1.20x0.80. 2-4 metra út frá NA horni tóftarinnar er ákjósanlegur landingarstaður, gæti þetta hafa verið naust, enda snýr op tóftarinnar beint út að sjó.



Hættumat: engin hætta

Ey-242:023 "Lónsgerði"

65°42.547 18°08.774



Tóftir Lónsgerðis standa í hvammi sem er í skjóli af klöppum austan, sunnan, og norðan. Bæjarhúsin eru á ási sem liggur á N-S stefnu, en innan túngarðs er túnið nokkuð í mýri, einkum austan bæjarhúsa. Hleðslur tóftanna eru signar og að verða dálítið ógreinilegar. Rof er á stöku stað í tóftunum og garðinum umhverfis. Þetta er mögulega hið sama og Óskargerði sem nefnt er í Jarðabók frá 1712: "Oskargierde kallast fornt eyðiból hjerr í landinu upp við lónið og eru þar ljós byggingamerki tófta og garðaleifa,

og er þar nú stekkur heimajarðarinnar. Ekki má hjer aftur byggja, nema til rýrðar heimajörðunni, sem haganna má ekki án vera, en þó er hjer túnstæði nokkurt." Ekki er nú

vitað hvar Óskargerði var. HH telur að það geti verið það sama og Lónsgerði en í BB 1990, 628 er það talið hafa verið þar sem Brávellir eru nú. Bærinn hefur staðið í gerðinu miðju, en fast við túngarð vestanmegin hafa e.k. útihús verið.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: JÁM X, 194; Ö-Ak, 24; HH.

**Ey-242:024** heimild um skipauppsátur 65°42.374 18°07.037

Skipauppsátur var við Krossaneslendingu, sbr. Ey-242:020. Uppsátursminjar sjást ekki.

Heimildir: JÁM X, 195

**Ey-242:025** tóft 65°42.519 18°07.908

Til að ganga á tóftina er farið á slóðann (015) ofan við Krossanesbæi. Fylgt er miðslóðanum, um 500 m leið. Tóftin stendur sunnan við háa klapparbrún og sker sig úr landslaginu, enda stendur hún á hrói en mólendi og klappir eru í kring. Gata liggur um 8 m austan við tóftina og önnur fast vestan við. Tóftin er nokkurn veginn hringlaga en ógreinileg að flestu leyti. Hún virðist um 11 m í þvermál. Veggjahleðslur um 0,30 m háar, signar og grónar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: loftmynd 1953-54.




Ey-242:026

2 tóftir + garður

65°42.335

18°07.849

Gengið er beint í vestur frá Ytra-Krossanesi, út fyrir tún (um 150 m) og áfram í vestur um 250 m leið. Hér voru tóftir sýnilegar 1953-54 (sbr. loftmynd). Móinn vestan heimatúnsins hefur verið unninn og sléttaður. Þar sem tóftirnar stóðu er nú örlítill kvos og sést mjög óljóst móta fyrir minjunum þar. Engar skráðar heimildir greina frá þessum stað. Heimildir: Loftmynd 1953-54.



### *Fornleifar og skipulag í Krossaneshaga*

Í þessum kafla verður fjallað um þær minjar er falla innan skipulagsreitsins og greint frá hvaða áhrif fyrirhuguð landnýting hefur. Heildarskipulagi, þ.e. fyrsta hluta deiliskipulags hefur verið lokið. Skiptist skipulagsvinnan í A, B og C áfanga og verður fjallað um minjar í hverjum áfanga fyrir sig. Í greinargerð um heildarskipulagið er aðstæðum lýst og getið um gróðurfar, staðhátu og örnefni en engar upplýsingar voru þá fyrirliggjandi um fornleifar. Byggja því fyrirliggjandi tillögur ekki á öllum nauðsynlegum skipulagsforsendum sem aðstæður marka.

### A - áfangi

Þessi áfangi nær yfir suðurhluta skipulagsreitsins. Hann er norðan Hlíðarbrautar, vestan Krossanesbrautar, austan Hörgárbrautar og sunnan Miðáss í Krossanesklöppum. Hefur skipulagsgerð þessa svæðis þegar verið unnin og samþykkt<sup>5</sup>. Eftir heimildakönnun og nákvæma vettvangsathugun kom í ljós að engar fornleifar er þar að finna. Er því ekki ástæða til að gera athugasemdir við fyrirliggjandi skipulagsupprátt.

<sup>5</sup>Sjá: Krossaneshagi. Deiliskipulag. A-áfangi.

### B- áfangi

Þessi áfangi liggur frá norðurmörkum A-áfanga upp á norðurbrún Krossanesklappa, og afarmarkast af Krossanesbraut í austri. Innan þessa reits eru nokkrar minjar sem verður nú fjallað um nánar.

#### *Stekkjartóft (Ey-241:008)*

Stekkur frá Syðra-Krossanesi mun falla innan deiliskipulagsreits eins og hann er sýndur á skipulagsupprætti sem samþykktur var af félagsmálaráðuneyti 1990. Þessar minjar njóta friðhelgi sem og aðrar fornleifar og því verður að taka afstöðu til þess hér hvort beri að endurskoða fyrirhugaða landnýtingu á þessum stað.

Stekkurinn er í svokölluðu Stekkjarsundi, norðan Stekkjarklappar (sjá upprátt). Við skipulagsvinnu í B-áfanga er brýnt að taka þessar minjar með í reikninginn. Hér er mælt með að ekki verði hróflað við stekknunum, en hann tekinn á skrá yfir friðaðar bæjarminjar. Heppilegt væri að leitast við að fella stígagerð og aðra þætti skipulagsins að minjastaðnum. Ekki er óhugsandi að láta þessar minjar víkja fyrir framkvæmdum, telji skipulagsyfirvöld það óhjákvæmilegt. Til þessa hefur ekki verið lögð áhersla á að varðveita mannvirki á borð við stekki og hefur þeim því víða verið rutt í burtu. Þó vissulega sé eftirsjá í öllum minjum, hafa stekkir ekki einstakt varðveislugildi enda er höfundum þessarar skýrslu kunnugt um fjölmarga vel varðveitta stekki í Eyjafirði sem ekki eru í neinni hættu vegna framkvæmda. Einn þessara stekkja (Ey-242:013) er örskammt utan deiliskipulagsreits og er því ekki í hættu að sinni. Liggur hann nánar tiltekið undir Stekkjarklöpp í Krossanesborgum sem njóta friðunar samkvæmt núgildandi aðalskipulagi.<sup>6</sup> Hinsvegar er ekki unnt að fallast á að stekkurinn í Stekkjarsundi verði látinn víkja án þess að gerð verði þar rannsókn. Stekkir hafa aldrei verið grafnir upp og er það eitt af þeim verkefnum sem bíður fornleifafræðinga.

#### *Útihús á Stofustykki (Ey-241:002)*

Samkvæmt túnakorti frá 1917 af túni og bæjarhúsum á Syðra-Krossanesi stóðu hús sunnarlega í túninu, þar sem nú er nýlagður malarvegarspotti frá Krossanesbraut að

---

<sup>6</sup>AA, bls. 37.

grjótnámunni. Enn sást til þessara húsatófta árið 1957 sbr. loftmynd sem tekin var það ár. Tóftirnar hafa síðar verið jafnaðar við jörðu. Ekki eru heimildir um hve lengi útihús hafa staðið þarna. Örnefnið Stofustykki er dregið af húsi sem kallað var Stofa og stóð á þessum stað eða í námunda við hann. Ekki er vitað hverskonar hús Stofa var. Ekki er ósennilegt að útihúsin hafi verið reist á tóftum Stofu eða eldri útihúsa. Samkvæmt núverandi gerð B-áfanga er þessi staður ekki innan byggingalóða né í vegastæði. Verði breytingar á þessum skipulagsáfanga er mikilvægt að sneiða hjá hugsanlegum leifum sem kunna að leynast á þessum stað, eða láta gera þar rannsókn ella.

#### *Dixford Camp (Ey-241:012)*

Innan B-áfanga deiliskipulagsreits eru minjar um umsvif herliðsins í heimstyrjöldinni síðari. eru það leifar herstöðvar er stóð sunnan í Krossanesklöppum og nefndist Dixford Camp. Hefur hluta hernaðarmannvirkjanna þegar verið spillt, enda talið að þessar leifar nytu ekki friðhelgi eða væru markverðar. Svo sem kunnugt er eru fornleifar taldar þær minjar sem eru hundrað ára eða eldri (16. gr. Þjóðminjalaga, nr. 88/1989), en jafnframt er heimilt að friðlýsa yngri minjar. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um friðhelgi minja yngri en 100 ára, en þó má ljóst vera að oft er mikilvægt að yngri minjastaðir njóti einhverrar verndunar, hvort sem um þinglýsta friðlýsingu verði að ræða eða ekki. Frá upphafi fornminjaverndar hér á landi hafa minjar frá landnámstíma og svokallaðri söguöld notið forgangs. Engar hefðir eða opinber stefna er fyrir hendi um varðveislu og skráningu yngri minja, að frátöldum húsbyggingum og kirkjum. Við deiliskráningu í landi Akureyrar hefur því ekki verið unnt að að styðast við viðurkennda stefnu í þessum málum, en engu að síður er óhjákvæmilegt að leggja mat á menningarsögulegt gildi minjanna frá hernámstíð.

Á hernámsárunum voru margvíslegar byggingarframkvæmdir á vegum setuliðsins víða um land. Gerðar voru margvíslegar samgöngubætur, byggð braggahverfi, varnarmannvirki og flugvellir. Er heimsófriður var yfirstaðinn luku þessi mannvirki sínu upphaflega hlutverki og voru nýtt til annara hluta, fjarlægð eða jöfnuð við jörðu. Víða á fyrri athafnasvæðum hermanna má finna stríðsminjar og hefur athygli ferðamanna og almennings verið vakin á þeim. Nýlega hefur verið stofnað stríðsminjasafn á Austfjörðum og hefur skilningur á varðveislu þessa minjaflokks farið vaxandi. Ekki liggur fyrir heildaryfirlit um ástand jarðfastra stríðsminja á Íslandi og því er örðugt að meta varðveislugildi hvers staðar fyrir sig. Á Krossanesklöppum má enn sjá talsverð ummerki

frá því er herbúðir voru reistar þar árið 1942.<sup>7</sup> Sunnan við klappirnar er lítil þyrping af braggagrúnum, en ofan á klöppunum að norðanverðu eru leifar af byssuhreiðrum og skotgröfum. Nyrst á Miðási, sunnan klappanna er vegarspotti og óljósar leifar af e.k. varnarbyrgi. Á þessu svæði kunna enn fleiri minjar að leynast, en örðugt er að ganga úr skugga um það vegna kafgróðurs á milli klapparholtanna. Þessar minjar hafa engrar verndunar notið til þessa. Útgerðarfélag Akureyrar fékk Krossanesklappir til afnota við skreiðapurkkun í kjölfar mikilla deilna um þá starfsemi í bæjarlandinu<sup>8</sup>. Er fiskhjöllunum var komið þar fyrir 1981 varð talsvert rask á klapparkollinum og sunnan í klöppunum. Þá hefur grjótnám austast í klapparholtinu gengið nærri minjunum og mun hluti þeirra hafa horfið nýlega. Í skýrslu Harðar Geirssonar hjá Minjasafninu á Akureyri til Árna Ólafssonar Skipulagsstjóra Akureyrarbæjar (dags. 11.1.1995) er greint frá nýlegum minjaspjöllum. Þar kemur fram að unnið var að undirbúningi við grjótnám og var jarðvegur þá fjarlægður af klöppunum. Taldi Hörður er hann kom á vettvang að dagana áður hafi skotgröfum í austasta hluta klappanna þegar verið rutt burtu. Tók hann myndir af nokkrum minjum og leitaði jafnframt ráðgjafar um gildi minjanna. Eftir samtöl við Friðþór Eydal hjá Varnarmálaskrifstofu, þjóðminjavörð og deildarstjóra fornleifadeildar þjóðminjasafns er í niðurlagi skýrslunnar talið að minjarnar hafi ekkert sérstakt varðveislugildi. Ekki er unnt að fallast á þessa niðurstöðu. Umsagnir þjóðminjasafns byggja ekki á athugun á gildi minja á Krossnesklöppum með hliðsjón af varðveislu sambærilegra minja á öðrum stöðum. Fornleifadeild þjóðminjasafns lét ekki gera athugun á vettvangi og gaf heldur ekki skjalfesta umsögn með rökstuðningi um menningarsögulegt gildi staðarins.

Við áframhaldandi skipulagsvinnu í Krossaneshaga, standa Akureyringar andspænis þeirri ákvörðun nú hver verði örlög þessara stríðsminja.

Akureyri var stjórnstöð hernámsliðsins fyrir Norður- og Austurland og voru því framkvæmdir á vegum Breta og síðar Bandaríkjamanna verulega umfangsmiklar þar. Mun Dixford Camp vera einu herbúðirnar (ásamt Siglunesi) sem bandarísku hermennirnir reistu frá grunni eftir komu þeirra til Akureyrar sumarið 1942<sup>9</sup>. Akureyrarbær keypti meginið af herskálunum í bænum í júní 1944, en Kaupfélag Eyfirðinga og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu

---

<sup>7</sup>JónHj, Hernámsárin, bls. 188. (ath. Á korti 274th Battery, 69th Field Regt RA dags. 1941 er Dixon Camp sýndur).

<sup>8</sup>Sjá JónHj, Steinn undir..., bls. 132-134.

<sup>9</sup>JónHj.,188

keyptu sameiginlega flesta skála utan bæjarins af Sölunefnd setuliðseigna. Voru skálarnir síðan seldir á ný og skilaði salan góðum hagnaði.

Hér verður afstaða tekin með hliðsjón af þeirri staðreynd að upplýsingum um ástand og varðveislu stríðsminja í landinu eru ekki til að dreifa.

Lagt er til að við deiliskipulagsvinnu njóti allar stríðsminjar friðhelgi áfram með þeim hætti að skipulagi verði frestað á minjastaðnum. Á meðfylgjandi korti er markaður sá reitur þar sem slíkar minjar er enn að finna. Æskilegt er að tillögur um ráðstöfun þess land sem undir þennan reit fellur verði unnar með verndun minjanna í huga. Teljist annað óhjákvæmilegt, er ekki óhugsandi að fjarlægja minjarnar, en þá skal að því staðið á annan hátt en verið hefur til þessa. Þar eð þegar hefur talsvert verið hróflað við þessum stað er ljóst að aðrir stríðsminjastaðir kunna að hafa meira varðveislugildi. Þó ber að hafa í huga að flestir slíkir staðir innan kaupstaðarmarka hafa horfið vegna framkvæmda á síðustu árum og áratugum.

Rétt er að benda á að æskilegt væri að sveitarfélög í Eyjafirði hefðu samstarf um verndun stríðsminja í héraðinu. Þannig væri unnt að leggja sérstaka áherslu á verndun og kynningu vel varðveittra minja á völdum svæðum, en farga öðrum. Þannig yrði forðað slysi á borð við það að uppbygging og jarðrask færi fram að einhverju marki á öllum stríðsminjastöðum er spillti varðveislu gildi hvers og eins. Hyggðist Akureyrarbær gjörnýta land á Krossanesklöppum, væri brýnt að hlúa þess í stað að öðrum minjastað, jafnvel utan kaupstaðarmarka. Hér má nefna hinar vel varðveittu minjar herstöðvarinnar á Melgerðismelum. Kostnaður við verndun, rannsóknir og kynningu á þeim minjum gæti reynst Eyjafjarðarsveit þungur í skauti. Það væri hinsvegar hagur Akureyringa að styðja við verndun þessara minja, enda vitaskuld liður í uppbyggingu ferðaþjónustu í héraðinu er þjónar hagsmunum þéttbýlisins öðrum fremur.

### C- áfangi

C-áfangi nær frá norðurbrún Krossanesklappa að fyrirhugaðri Síðubraut að norðan en Krossanesbraut að austan. Hefur fyrirhugað vegastæði Krossanesbrautar verið flutt austar en sýnt er á núgildandi aðalskipulagsuppdraetti. Innan þessa reits er sjálfur Syðra-Krossanesbærinn og nær allir minjastaðir jarðarinnar.

*Bæjarhóll og útihús (Ey-241:001, 002, 004, 005)*

Samkvæmd fyrirleggjandi tillögu að C-áfanga mun bæjarhóllinn lenda inn á tveimur lóðum

sem liggja í suðausturhorni þessa reits. Á þessum sömu lóðum eru jafnframt tvær tóftir útihúsa. Er hér mælt til að við nánari útfærslu þessa áfanga verði tekið mið af þessum minjum og leitast við að sneiða hjá þeim. Bæjar- og túnstæði í Syðra-Krossanesi, ásamt kumlateig og útihúsum, er menningarsöguleg heild sem að mestu er óskemmd þó sneitt hafi verið af túninu, austan, sunnan, og vestanmegin. Æskilegast væri að ekki verði frekara rask á þessu svæði og það látið halda sér, t.d. sem útivistarsvæði. Að óbreyttum skipulagstillögum verður ellegar að ráðast í kostnaðarsamar rannsóknir á öllum þessum stöðum. Gætu þær rannsóknir haft verulegan kostnað og tafir í för með sér. Árið 1963 fannst kuml skammt austan við bæinn og er það vísbending um að byggð þarna hafi hafist strax á 10. öld eða fyrr. Hefur bæjarhóllinn þá að geyma mannvistarleifar sem þar hafa hlaðist upp í 1000 ár. Að fenginni reynslu af bæjarhólarannsóknum má ælta að kostnaður við rannsókn á þessum stað verði ekki undir 40 milljónum króna.

#### *Kuml (Ey-241:010)*

Auk rannsókna á bæjarhúsaleifum og útihúsum ber að gæta þess að önnur kuml kunna að leynast á þessum slóðum. Fyrirhugað er að leggja Krossanesbraut neðst í brekkunni undan bænum, þar sem kumlið fannst á sínum tíma. Mun kumlastæðið væntanlega hverfa við vegagerðina og er það óásættanlegt, enda var engin endanleg rannsókn gerð á kumlinu á sínum tíma. Ljóst var við rannsóknina 1963 að beinin voru úr þremur einstaklingum. Árið 1965 komu enn upp bein á þessum slóðum. Hér verður því að gera rannsókn áður en Krossanesbraut verður lögð.

#### *Gerði (Ey-241:006)*

Sunnan Syðra-Gils liggur Gerði. Var það túnskiki norðaustur af bænum í Syðra-Krossanesi, fráskilin aðaltúni af gílinu. Af þeim leifum er þar fundust nú má ráða að skikinn hafi verið umgirtur túngarði og á túnakorti frá 1917 má sjá að þar hafi staðið e.k. útihús. Við vettvangsathugun 1996 var aðkoman að Gerði heldur ófögur. Þar hefur orðið alltöluvert rask á síðustu árum og áratugum. Túnskikinn er að mestu horfinn, hús og tóftir hafa verið jafnaðar við jörðu. Þar er einungis brot af norðurhlið túngarðsins sjáanlegt. Rétt austan Gerðis er nú sorphaugur og hafa minjarnar verið láttnar víkja er þetta athafnasvæði var undirbúið. Þar eð engin rannsókn var gerð áður en minjastaðurinn var eyðilagður er vissulega vandkvæðum bundið að leggja mat á gildi þeirra minja sem enn eru eftir.

Örnefnið “Gerði” er víða að finna í Eyjafirði og er gjarnan tengt við tóftir með litlum túnbletti umhverfis sem voru skammt frá bæjum en utan heimatúna. Ekki er vitað hvaða hlutverk þessi Gerði gegndu áður, en víst er að í mjög mörgum þeirra hafðist við fólk og kann svo að hafa verið um Gerði við Syðra-Gil. Staðurinn hefur nú glatað bæði rannsóknargildi og varðveislugildi sínu sem og flest önnur Gerði sem eyðilögð hafa verið í Eyjafirði á síðustu áratugum. Hér er lagt til að gerð verið lítilsháttar rannsókn á leifum Gerðis til að kanna aldur þessara minja, en láta þær síðan víkja fyrir framkvæmdum.

#### *Tóftir og garðlög (Ey-242:026)*

Einungis einn minjastaður í landi Ytra Krossaness er í uppnámi vegna fyrirhugaðrar ráðstöfunar jarðnæðis við títtnefnda skipulagsgerð. Eru það dularfull tóftarbrot og garðlög vestan við tún, um 400 m vestan við bæinn. Engar ritaðar heimildir geta um minjar eða byggingar á þessum slóðum. Reyndar eru minjarnar ekki sjáanlegar á yfirborði að öðru leyti en því að sjá má ójöfnur og hvilftir í dálítilli kvos í landinu. Hinsvegar sýnir loftmynd frá 1953-54 greinilega ferhyrndar tóftir tvær og garðlag sem nær í fagurlega sveigðum boga fyrir suðvesturhorn minjasvæðisins. Hefur landið vestan túnsins síðan verið sléttað og tóftirnar sléttaðar að einhverju leyti. Líkur eru á að þar sé enn mannvistarleifar að finna og verður því að gera rannsókn á staðnum ef honum verður ráðstafað til mannvirkjagerðar.

## Niðurlag

Að öðrum áfanga deiliskráningar á Akureyrar loknum er rétt að minnast þess að heildarmynd fornleifa á Akureyri liggur ekki fyrir. Því hefur þess verið gætt hér að fylgja ströngustu kröfum um verndun minja. Þegar aðalskráningu lýkur árið 1999 mun staða fornleifaverndar í kaupstaðnum liggja fyrir og þá traustar forsendur fyrir ákvörðunum um örlög tiltekinna minja. Uppbygging og framkvæmdir á Akureyri síðustu áratugi hefur haft töluverð minjaspjöll í för með sér og er ljóst að nú eru fáir sjáanlegir minjastaðir eftir í landi kaupstaðarins. Því er æskilegt að bæjaryfirvöld fylgi þeirri stefnu að hrófla ekki við minjum nema ekki sé um aðra kosti að ræða.

Hvað fornleifar á deiliskipulagssvæðinu í Krossaneshaga varðar þá eru niðurstöður könnunarinnar eftirfarandi: Á reitnum fundust 11 minjastaðir. Í A-áfanga eru engar minjar þekktar. Í B-áfanga eru stríðsminjar og stekkur sýnilegar á yfirborði. Auk þeirra var útihús sem er nú horfið undir veg og huldufólksbústaðurinn Stofuklöpp en hún var tekin í malarnám. Í C-áfanga eru 7 staðir. Einn þeirra eru mógrafir vestan Krossanesklappa sem ekkert varðveislugildi hafa. Aðrir staðir eru bæjarhóll og tvær tóftir við túnjaðar, meintur kumlateigur, Gerði og loks óþekktar tóftir í landi Ytra-Krossaness. Brýnt er að hafa legu þessara staða til hliðsjónar við endurskoðun á skipulagi þess svæðis í Krossaneshaga sem nú er unnið að.

## Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

*Þjóðskjalasafn Íslands*

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Glæsibæjarhreppur

*Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu*

Lárus Thorarensen: Örnefni (í landi Akureyrar) (1947) - G.40/15.

Jón Friðfinnsson: Örnefni kringum Akureyri (1948) G. 40/15a.

Örnefnabók I-III. Akureyri (ljósrituð spjaldskrá)

*Sýslumannsembættið á Akureyri*

Landamerkjabók I-II

*Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri*

- Mappa með leiðréttingum við örnefnalýsingar og bréfaskiptum vegna þeirra

-Mappa með loftmyndum af Eyjafirði frá 1960, með örnefnum merktum inná af Helga Hallgrímssyni

*Minjasafnið á Akureyri*

**HH:** *Söguminjaskrá, Eyjafjarðarsýsla.* Helgi Hallgrímsson.

Hörður Geirsson: *Samantekt vegna stríðsminja í klöppum upp af Krossanesi. Akureyri 11.1.* 1995.

Uppdráttur af Akureyri 1941. (Unninn af 274th Battery, 69th Field Regt RA).

Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson: *Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd,* Akureyri 1995.

*Aðalskipulag Akureyrar 1990-2010.* Greinargerð. Tekin saman af Finni Birgissyni. Skipulagsdeild Akureyrarbæjar 1991.

*Aðalskipulag Akureyrar 1990-2010.* Landnotkun-Umferðaræðar (uppdráttur 1:10.000) Unnið af Finni Birgissyni í samvinnu við Skipulagsdeild Akureyrarbæjar.

Félagsmálaráðuneytið 1990.

**BE:** *Byggðir Eyjafjarðar I-II*, Akureyri 1973.

**BE 1990:** *Byggðir Eyjafjarðar 1990, síðara bindi*, Akureyri 1993.

**DI:** Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Gísli Gestsson, *Fornaldarkuml á Selfossi og í Syðra-Krossanesi, Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1965* (1966), bls. 69-77.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, X. Eyjafjarðarsýsla*, Kaupmannahöfn 1943.

Jón Hjaltason, *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði*, Akureyri 1991.

Jón Hjaltason, *“Steinn undir framtíðar höll”, Saga Útgerðarfélags Akureyrar 1945-1995*, Akureyri, 1995.

Krossaneshagi. Deiliskipulag. A-áfangi. Unnið fyrir Skipulagsdeild Akureyrarbæjar, september 1992.

**SS 1993:** Steindór Steindórsson: *Akureyri. Höfuðborg hins bjarta norðurs*, Reykjavík 1993.

**Ö-Ak.** *Örnefni í Akureyrarlandi*, Steindór Steindórsson tók saman. Akureyri 1987.



